

Ásdís Kristjánsdóttir
Bæjarstjóri
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur 25.10. 2023



Erindi: Aðstöðumál frjálsíþróttadeildar Breiðabliks

Við undirrituð, í stjórn Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks, óskum hér með eftir að aðstöðumál deildarinnar verði tekin til skoðunar hjá bæjarstjórn Kópavogs því aðstaðan er úrsér gengin og úrbóta er sannarlega þörf.

Inni í Fífunni er orðið mjög þröngt um iðkendur deildarinnar og aðstaðan úr sér gengin. Tartanið er orðið gamalt, auk þess sem á veturna er mjög oft of kalt í Fífunni fyrir frjálsíþróttafólk, þar sem frjálsíþróttasvæðið er meðfram útveggjum. Þetta eykur hættu á ótímabærum meiðslum. Þá þrengir knattspyrnan mjög að plássi deildarinnar og tekur sér leyfi til að fara inn á æfingasvæði iðkenda frjálsra íþróttar, jafnvel meðan á æfingum stendur. Við teljum að það sé fullreynt að þessar íþróttir deili húsnæði. Þá stendur svæðið opið og óvaktað þegar ekki eru æfingar í gangi og dýr búnaður eins og stangarstökkisdýna og uppistöður hafa verið skemmd þar sem krakkar leika sér í búnaðinum. Sorglegast er þó, að við erum að missa iðkendur til annarra bæjarfélaga, eins og Hafnarfjarðar, þar sem aðstaðan er mun betri. Þess má geta að bikarlið FH í sumar, var um helming skipað keppendum sem aldrei voru upp í Breiðablik. Vænlegasti kosturinn væri að fá frjálsíþróttahöll, sem hægt væri að nýta vel til æfinga og keppni, auk þess sem heldri borgarar þessa bæjarfélags ásamt öðrum deildum Breiðabliks þar sem hlaup eru æfð, gætu nýtt sér hana.

Hlaupabrautin á Kópavogsvelli er ónýt og keppnisaðstaða ólögleg. Tartan á hlaupabraut er gamalt og keppnisaðstaða ólögleg eftir að grasinu á vellinum var skipt út fyrir gervigras árið 2018, og kastgreinar þar með færðar af vellinum.

Frjálsíþróttadeild Breiðabliks býr yfir íþróttafólki í fremstu röð á Íslandi og við getum verið stolt af þeim, enda búum við yfir iðkendum sem skipa sæti í landsliði Íslands í frjálsum eða alls sex, tveir eru í afrekshópi ungmenna FRÍ og fjórir í úrvalshópi FRÍ. Unnu Blikar til að mynda til fjölmargra Íslandsmeistararitla síðastliðið sumar, í öllum aldurshópum. Við viljum því búa iðkendum okkar sem bestu aðstöðu í Kópavogsbæ þannig þau geti iðkað íþrótt sína að kappi og þurfi ekki að fara á milli bæjarfélaga til að komast í góða aðstöðu. Við óskum eftir að bæjarstjóri og bæjarstjórn, sýni iðkendum okkar stuðning í verki með því að huga að aðstöðunni. Jafnframt óskum við eftir því að fá ykkur í heimsókn á æfingatíma deildarinnar á mánudögum eða miðvikudögum frá kl. 16:00-17:00 þar sem við munum sýna ykkur aðstöðuna og starfið sem fram fer innan deildarinnar.

Með von um góð viðbrögð og óskir um gott samtal.

Áslaug Pálsdóttir, formaður Frjálsíþróttadeildar Breiðabliks
Anna Jónsdóttir
Bergþóra Guðjónsdóttir
Gréta Björg Jakobsdóttir
Helga Elísa Porkelsdóttir
Steinþór Einarsson